

Kennari:	Linda Björk Sigurðardóttir
Áfangi/fag:	ÍSLE2GB05 – Málsaga, bókmenntir og goðafræði

Stutt lýsing

Í áfanganum kynnast nemendur höfuðþáttum norrænnar goðafræði, læra að þekkja helstu goð og hlutverk þeirra og kynnast sígildum goðsögnum í norrænni goðafræði. Nemendur eru þjálfaðir í gerð heimildaritgerða og læra um frágang ritaðs máls. Fjallað er um sögu tungumálsins, uppruna þess og þróun. Nemendur eru þjálfaðir í notkun bókmenntahugtaka.

Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu höfuðþáttum norrænnar goðafræði og heimsmynd hennar
- Hugtökum sem notuð eru við ritgerðasmíð og notkun heimilda í ritum
- Málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- Hugtökum í málsögu og hvernig málið hefur þróast frá alda öðli til okkar daga
- Hugtökum sem nýtast við bókmenntaumfjöllun

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Nýta málfræðihugtök og málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- Fjalla skriflega og munnlega um afmarkaða þætti námsefnisins á sjálfstæðan og gagnrýnninn hátt
- Draga saman og nýta upplýsingar úr ýmis konar heimildum og flétta saman við eigin viðhorf og ályktanir á heiðarlegan hátt
- Lesa sér til gagns og gamans nytjatexta og bókmenntaverk frá ýmsum tímum og fjalla um inntak þeirra
- Leita sér upplýsinga um íslenskt mál og málstefnu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið
- Beita skýru, lýtalausum og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- Leita sér heimilda og upplýsinga um tiltekið efni og vinna úr þeim á sjálfstæðan og heiðarlegan hátt
- Taka þátt í málefnalegum umræðum, byggja upp skýra röksemdafærslu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu

- Dýpka skilning sinn á mál- og menningarsögu

Námsgögn (bækur, tímarit, vefsíður o.fl.)

Hringsjá sér nemendum fyrir öllum kennslugögnum, Tungutak – Málsaga handa framhaldsskólanemum og útprentuð gögn sem notuð verða.

Námsmat

Námsmat byggir á prófi, verkefnaskilum og ritgerð.

Goðafræði – Gylfaginning próf: 30%

Málsaga – skilaverkefni: 30%

Ritgerð og heimildaverkefni: 35%

Ástundun: 5%

Nemandi þarf að ljúka öllum hlutum áfangans með 5 í einkunn